

An aerial night photograph of Reykjavik, Iceland. The city is densely packed with buildings, their lights glowing against the dark sky. The city is surrounded by water, with several bridges and harbors visible. The overall color palette is dominated by the warm yellows and oranges of the city lights and the cool blues of the water and sky.

HÚSNÆÐISÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR RÓTTÆK, FÉLAGSLEG OG STÓRHUGA

Hvað er húsnæðisáætlun?

- Húsnæðisáætlun er lögð fram skv. lögum um almennar íbúðir sem samþykkt voru á Alþingi á árinu 2016 og reglugerð þeirra laga um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir.

Áhersla á litlar og meðalstórar íbúðir

Reykjavík hefur með átaki í skipulagi tryggt fjölbreytt byggingarsvæði fyrir allar gerðir íbúða með áherslu á litlar og meðalstórar íbúðir á grundvelli markmiða um húsnæði fyrir alla, félagslega blöndun og aðalskipulag Reykjavíkur.

Borgin leggur samanlagt fram 59 milljarða til fjárfestinga, húsnæðisstuðnings og sérstakra búsetuúrræða næstu fimm ár. Húsnæðisáætlun veitir kærkomna yfirsýn yfir framgang þessara mála.

Átak í uppbyggingu fjölbreytts íbúðarhúsnæðis

- Byggingarsvæði fyrir yfir **2.500 íbúðir** eru komnar á framkvæmdastig í borginni og fjölgar hratt.
- Byggingarsvæði fyrir yfir **2.500 íbúðir** að auki liggja fyrir í staðfestu skipulagi
- Um **4.000 íbúðir** eru í formlegu skipulagsferli.
- Auk þess eru svæði fyrir tæplega **10.000 íbúðir** í þróun.

Yfir 3.000 íbúðir byggðar án hagnaðarsjónarmiða

- Megináhersla í húsnæðisáætlun borgarinnar er á samstarf við byggingafélög sem reisa íbúðir án hagnaðarsjónarmiða.
- Alls eru um 3.700 staðfest áform um íbúðir fyrir stúdenta, eldri borgara, fjölskyldur með lægri og millitekjur og búsetu.

Félagsleg blöndun tryggð í samningum við verktaka

- Á öllum nýjum þróunarsvæðum hefur verið samið um að hlutfall leigu- og búseturéttaríbúða á hverju uppbyggingarsvæði verði 20-25%.
- Jafnframt hefur verið samið um að Félagsbústaðir hafi kauprétt að um 5% af öllum nýjum íbúðum.
- Hvoru tveggja til að tryggja félagslega blöndun um alla borg.

Uppbygging til að mæta brýnni þörf



Reykjavíkurborg hefur endurskoðað markmið aðalskipulags um að 700 íbúðir byggist á hverju ári.

Hið nýja markmið er að **1.250 íbúðir** fari í smíði á hverju ári, næstu fimm ár, til að mæta árlegri uppbyggingarþörf, uppsafnaðri þörf vegna hægrar uppbyggingar eftir hrun og nýrri þörf vegna vaxtar ferðaþjónustu.